

Samþykktir Magister, félags kennaranema við Háskólann á Akureyri

I. Nafn, markmið og félagar.

1. gr. Félagið heitir Magister, félag kennaranema við Háskólann á Akureyri, með kennitöluna 620200-2550 og er aðildarfélag SHA. Lögheimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. gr. Markmið félagsins er:

Að gæta hagsmuna kennaranema og vera málsvari þeirra innan háskólans sem utan.
Að vinna að aukinni samveldni meðal stúdenta, með því að halda lotuhittinga fyrir kennaranema HA og koma að skipulagningu annarra viðburða sem varða skemmtanir SHA.
Að standa fyrir ýmiskonar fræðslu og sjá um kynningarferðir er tengjast kennarastarfinu.
Að stuðla að góðri samvinnu við önnur aðildarfélög innan skólans.
Að taka þátt í því að efla samræðu og samgang við önnur nemendafélög kennaranema á Íslandi.
Að efla samband við Kennarasamband Íslands.

3. gr. Félagar eru innritaðir stúdentar kennaradeildar Hug- og félagsvísindasviðs við Háskólann á Akureyri, sem hafa greitt innritunargjald til skólans og skráð sig í Magister.

i. Frestur til að skrá sig í félagið rennur út klukkan 23:59, 15. september ár hvert og ber félagsmönnum að uppfæra skráningar sínar árlega.

ii. Óski stúdent eftir að skrá sig í félagið eftir að skráningarfrestur rennur út skal sá hin sami hafa samband við SHA.

iv. Hver félagi getur skráð sig úr félaginu ef hann kýs, hvort sem hann skiptir um deild eða af öðrum ástæðum.

v. Félagi getur einungis verið skráður í Magister og ekki er leyfilegt að vera skráður í annað félag.

4. gr. Nú leysist félagið upp og renna þá öll réttindi og skyldur til SHA.

5. gr. Magister fylgir í einu og öllu þeim verklagsreglum sem SHA hefur í gildi um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi innan SHA.

II. Stjórn

6. gr. Í stjórn skulu sitja fimm aðilar sem gegna eftirfarandi embættum; forseti, varaforseta, fjármálastjóra, samskiptafulltrúi og fulltrúi fyrsta árs stúdenta. Auk ofangreindra embætta skal stjórn Magister skipa einn fulltrúa í eftirtaldar nefndir: Alþjóðanefnd, Kynninganefnd og Viðburðanefnd SHA.

i. Ef nýnemafulltrúi býður sig fram í annað embætti á aðalfundi, þarf ekki að kjósa um nýjan nýnemafulltrúa. Sá hinn sami getur sinnt báðum stöðum út skólaárið ef hann treystir sér til. Stjórnin getur ákveðið sjálf hvort þau vilja óska eftir öðrum nýnemafulltrúa.

7. gr. Í stjórn sitja:

Forseti:

i. Forseti kemur fram fyrir hönd stúdenta út á við. Hann skal boða til félags- og stjórnarfundar svo oft sem þess gerist þörf og verður þá eða skipar fundarstjóra. Sér einnig til þess að hin ýmsu störf dreifist á alla stjórnarmenn.

ii. Forseti skal sjá til þess að samþykktir félagsins séu uppfærð í samræmi við samþykktar breytingar sem samþykktar eru á aðalfundi.

iii. Forseti situr deildarfundir kennaradeildar, deildarráðsfundi og fræðasviðsfundi Hug- og félagsvísindasviðs fyrir hönd stúdenta og er fulltrúi Magister í Stúdentaráði SHA.

iv. Forseti ber ábyrgð á að finna fulltrúa í náms- og matsnefnd kennaradeildar fyrir hönd stúdenta. Ef enginn býður sig fram í þær nefndir er það hlutverk forseta að vera fulltrúi.

v. Hætti forseti störfum skal varaforseti taka við störfum hans.

Varaforseti.

i. Varaforseti skal vera forseta innan handar í öllum málum og gegna starfi forseta í forföllum hans.

ii. Ef varaforseti getur ekki gegnt því hlutverki af einhverjum ástæðum skal annar stjórnarmeðlimur taka hans stað.

iii. Varaforseti gegnir starfi ritara sem felur í sér að rita fundargerðir stjórnarfunda.

iv. Varaforseti skal færa fundargerðir inn á skjalasvæði SHA.

v. Varaforseti er umsjónarmaður samfélagsmiðla félagsins og sér um allt sem tengist því

vi. Varaforseti sér um gerð ársskýrslu ásamt fjármálastjóra.

Fjármálastjóri.

i. Fjármálastjóri sér um fjármál félagsins og sér til þess að yfirlit um fjármál félagsins sé reiðubúið og skilað til SHA sé þess óskað. Sem dæmi um það má nefna ársreikning félagsins.

ii. Fjármálastjóri sér um gerð ársskýrslu ásamt varaforseta.

Samskiptafulltrúi.

i. Samskiptafulltrúi sér um að halda uppi reglulegum samskiptum við Kennarasamband Íslands.

ii. Samskiptafulltrúi sér um samskipti við nemendafélög kennarafræðinema við Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands.

iii. Samskiptafulltrúi sér um samskipti við nemendafélög kennarafræðinema erlendis.

iv. Samskiptafulltrúi er áheyrnarfulltrúi MA, M.Ed. og MT stúdenta.

Fulltrúi fyrsta árs stúdenta.

i. Fulltrúi fyrsta árs stúdenta skal vera tengiliður stjórnar Magister við 1. árs stúdenta í kennaranámi við HA.

ii. Skal halda uppi öflugum og góðum tengslum milli stjórnar Magister og stúdenta á fyrsta ári.

iii. Einnig aðstoðar fulltrúi fyrsta árs stúdenta við undirbúning og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.

iv. Fulltrúi stúdenta er kosinn í upphafi haustannar ár hvert og skal hann starfa með stjórn félagsins til lok vorannar.

8. gr. Vantraust á meðlim stjórnar.

i. Ef upp kemur vantraust á meðlim stjórnar, boðar stjórn Magister til félagsfundar. Á fundinum verður vantraust til stjórnarmeðlims borið upp. Til að tillaga um að umræddur stjórnarmeðlimur verði vikið frá störfum þurfa a.m.k. 10 manns að vera mættir á félagsfundinn, og $\frac{2}{3}$ af fundarmeðlimum þurfa að samþykkja þá tillögu.

9. gr. Aðalfundur:

i. Aðalfundur skal haldinn hið minnsta viku fyrir aðalfund SHA. Fundinn skal auglýsa með minnst 10 daga fyrirvara á samfélagsmiðlum félagsins. Aðalfundur telst löglegur sé ofangreindum skilyrðum fullnægt. Tillögur um samþykktabreytingar berist minnst tveimur dögum fyrir aðalfund. Tillögur um framboð og tilnefningar má koma með á aðalfundinum sjálfum ef ekkert framboð hefur borist í tiltekna stöðu.

ii. Aðeins félagsmenn Magister hafa atkvæðisrétt og kjörgengi í stjórn og aðrar stöður sem kosið er til á aðalfundi. Einfaldur meirihluti skal ráða niðurstöðum kosninga á aðalfundi.

iii. Stjórn félagsins skal kosin leynilegri kosningu, þar sem utanaðkomandi mun sinna kosningu rafrænt.

iv. Falli atkvæði jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli viðkomandi frambjóðenda, ef kosningin er enn jöfn ræður atkvæði fráfarandi formanns.

v. Sé aðeins einn frambjóðandi í kjöri telst hann þá sjálfkjörinn.

vi. Ef upp kemur sú staða að tveir eða fleiri aðilar bjóða sig fram í sömu stöðu á aðalfundinum sjálfum skal forseti tilnefna aðila í kjörstjórn. Þeir aðilar útbúa kosningu, hvort sem hún er á rafrænu formi eða á staðnum sem færi eftir hvort einhver sé á fundinum frá fjarenda. Ef kosningin er rafræn þarf að deila henni inn á facebook-viðburð fundarins. Kjörstjórn gerir grein fyrir úrslitum þegar allir fundarmeðlimir hafa lokið kosningu.

10. gr. Dagskrá aðalfundar er:

- Fundur settur.
- Kosning fundarstjóra.
- Kosning fundarritara.
- Skipun kjörnefndar.
- Skýrsla forseta.
- Skýrsla fjármálastjóra og afgreiðsla reikninga.
- Samþykktabreytingar.
- Kosning forseta.
- Kosning stjórnarmeðlima:
varaforseti, fjármálastjóri og samskiptafulltrúi.

- Kosning fulltrúa í fastanefndir SHA:
Alþjóðanefnd, Kynninganefnd og Viðburðanefnd.
- Önnur mál.
- Fundi slitið.

11. gr. Reikningar félagsins miðast við aðalfund Magister ár hvert.

i. Lausafjárstaða félagsins við stjórnarskipti skal hvorki vera hærri né lægri en samþykktir SHA segja til um. Ef lausafjárstaða er hærri en samþykktir SHA segja til um við stjórnarskipti getur stjórn óskað eftir undanþágu til SHA, um að fjárframlag frá SHA falli ekki niður næsta skólaár, ef sérstakar ástæður liggja þar að baki. Sjá nánar í samþykktum SHA.

12. gr. Stjórn Magister er heimilt að greiða út umbun fyrir störf í þágu félagsins og skóla. Umbunin getur verið t.d. í andvirði aðgöngumiða á árshátíð SHA. Þeir stúdentar sem eiga tilkall til umbunar er fráfarandi stjórn félagsins, fráfarandi fulltrúar félagsins í alþjóðanefnd, kynninganefnd, námsnefnd og matsnefnd og þeir sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins. Stjórn metur hvaða aðilar hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

i. Meirihluti stjórnar þarf að samþykkja verðmæti umbunar, ef kosningin er jöfn ræður atkvæði fjármálastjóra.

13. gr. Fráfarandi stjórn skal funda með nýrri stjórn Magister innan við viku frá aðalfundi félagsins.

14. gr. Stjórnarfund ber að halda hvenær sem stjórnin álitur nauðsynlegt. Fundi skal að jafnaði boða með viku fyrirvara og aldrei með minna en sólarhrings fyrirvara.

15. gr. Samþykktabreytingar Magisters

Samþykktum félagsins er aðeins hægt að breyta á aðalfundi.

Tillögur að samþykktabreytingum skal skilað skriflega á netfang stjórnar minnst tveimur sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar.

Samþykktabreytingar þurfa 2/3 fundarmanna að samþykkja til að öðlast gildi.

Liggi fyrir breytingartillaga skal fundarmönnum gefinn kostur á að koma með athugasemdir og tillögur að breytingu.

16. gr. Stangist samþykktarákvæði í samþykktum Magister á við samþykktir SHA skulu samþykktir SHA ráða. Gera skal viðeigandi lagaúrbætur á næsta aðalfundi.

17. gr. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og verður aðeins breytt á aðalfundi.

Samþykktir þessar voru samþykktar á aðalfundi Magister 13. mars 2025.